

Varðar: viljayfirlýsingu um reiðhöll og félagshesthús.

Hestamannafélagið Jökull byggir á gömlum grunni sem lagður var af hestamannafélögunum Loga, Smára og Trausta og starfar félagið í eftirfarandi sveitarfélögum í Uppsveitum Árnassýslu:

Bláskógabyggð
Grímsnes- og Grafningshreppur
Hrunamannahreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Undanfarið hafa fulltrúar félagsins fundað með forsvarsmönnum þessara sveitarfélaga og hefur þar verið kynntur vilji félagsmanna og nauðsyn þess að hugsað sé til framtíðar og að byggt verði íþróttahús fyrir hestamenn í Uppsveitunum. Er þar átt við byggingu á rúmlega 2.000 m² reiðhöll. Um leið verði ráðist í breytingar á eldri reiðhöll á Flúðum sem yrði þá að hluta til félagshesthús.

Heildar kostnaður þessara framkvæmda er metinn vera 210.000.000 kr.

Stjórn Hestamannafélagsins Jökuls er þess fullviss að svona bygging væri farsælt skref til langrar framtíðar fyrir hestaíþróttina hér á svæðinu og myndi þannig aðstaða gera öllum sem vilja kleift að stunda þessa vinsælu íþrótt. Rétt er að geta þess að félagið hlaut Æskulýðsbikar Landssambands hestamanna árið 2023 en bikarinn er æðsta viðurkenning sem æskulýðsstarfi hestamannafélaga er veitt á Íslandi. Það var öllum sem að starfinu hafa komið mikill heiður og viðurkenning á þeirri vinnu sem unnin er á vegum félagsins.

Ekki síst í ljósi þess hversu öflugt ungmennastarf sem og annað félagsstarf er í félaginu óskum við aðstoðar sveitarfélaganna á svæðinu við þetta stóra og mikilvæga verkefni.

Á þessu stigi óskum við eftir því að sveitarstjórnir sveitarfélaganna á svæðinu staðfesti með viljayfirlýsingu að þau séu tilbúin í áframhaldandi samstarf um uppbyggingu á aðstöðu fyrir hestaíþróttir á svæðinu og komi um leið að ákvörðunum þar sem næstu skref verða stigin. Drög að slíkri viljayfirlýsingu eru í viðhengi.

Fyrir hönd stjórnar

Bragi Viðar Gunnarsson